

Minnisblað

Til fjármálaráðherra  
Frá ráðuneytisstjóra

394. mál

Skattaleg atriði í frumvarpi til laga um heimild til samninga um álver í Helguvík

Í frumvarpinu eru fyrst og fremst ákvæði sem lúta að frávikum frá skattalögum og sérákvæðum um skatta. Sem slíkt gengur frumvarpið þvert á þau sjónarmið sem verið hafa ofarlega á baugi í flestum löndum að skattamálum skuli skipað með almennum hætti en ekki í samningum við einstaka skattaðila. Slíkt er til þess fallið að skapa misræmi, leiða til ógagnsæis og skekkja samkeppnisstöðu. Það sem er ennþá verra er að í frumvarpinu eru ákvæði sem eru í reynd almenn breyting á skattalögum en snerta ekki eingöngum þann aðila sem frumvarpið fjallar um. Eftirfarandi atriði eru meðal þess sem þarfnast alvarlegrar athugunar og breytinga.

- I. Samið er um að félagið greiði aldrei hærri tekjuskatt en 15%, sem er skatthlutfallið skv. gildandi lögum. Óþarft ætti að vera að semja um skatthlutfallið og fráleitt er að semja um hámark á það. Í reynd er verið að binda almennt katthlutfall félaga með þessu. Það er útlokað að hækka almennt skatthlutfall félaga meðan svona ákvæði er í gildi. Væri það gert yrði það brot á jafnræði og við það yrði ekki ekki unað af öðrum félögum. Líklega myndi það teljast brot á EES samningnum og yrði talið ólöglegur ríkisstyrkur.
- II. Augljóst er að framundan eru almennar hækkunar á sköttum. Með þessu frumvarpi er útlokað að nokkur hluti þessara óhjákvæmilegu hækkunar komi niður á þeim félögum í landinu sem rekin eru með hagnaði. Hækkun t.d. í 18% sem er möguleg m.t.t. Reyðarálssamningsins sem inniheldur sams konar ákvæði með 18% bindingu myndi gefa 20% hækkun á tekjuskatti félaga sem yrðu einhverjir mrd. kr. á ári, þar af líklega um 500 m.kr. á ári af álveru um í Straumsvík og á Grundartanga. Skatttekjur af álveri í Helguvík og þar með áhrif af samningnum fyrir það koma ekki til fyrr en eftir ca. 10 ár.
- III. Skv. frumvarpinu verður félagið undanþegið breytingum á frádrætti vaxtakostnaðar, sem kunna að verða gerðar í skattalögunum. Um þetta gildir hið sama og sagt er að framan að þetta ákvæði kann að verða algilt og ná til allra vegna jafnræðissjónarmiða. Ekkert kemur fram í greinargerð hver rök standa til þessa ákvæðis eða hvaða þýðingu það hefur. Líklegt verður að telja að þessu sé stefnt gegn hugsanlegri breytingu á skattalögum í þá veru að tekið verði upp ákvæði um þunna eiginfjármögnun (thin capitalisation) sem er algeng meðal þjóða sem vörn gegn skattasniðgöngu á þann hátt að erlent móðurfélag fjármagnar dótturfélag með lánsfé og tekur raunverulegan arð út sem vaxtatekjur. Þær eru frádráttarbærar og rýra því tekjuskattsstofninn. Í þessu sambandi vekur athygli að skv. ársreikningi 2007 skuldar Norðurál á Grundartanga móðurfélagi sínu Norðurál ehf um 300 m. USD og greiðir af því vexti (upp í 17%) og móðurfélagið skuldar sínu erlenda móðurfélagi um 700 m. USD.
- IV. Með samningum sem þessum er landið að afsala sér valdi til að skipa skattamálum til erlendra aðila. Ekki yrði hægt að koma að breytingum á þessum atriðum framvegis nema með samningum við hin erlendu stórfyrirtæki sem samningar hafa verið gerðir við.

- V. Með gildum rökum má draga í efa að ákvörðun skatta með þessum hætti og framsal skattlagningarvalds standist ákvæði stjórnarskrárinnar og gætu breytingar á lögnum síðar leitt til skaðabótaskyldu ríkisins.

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að gerðar verði tilteknar breytingar á frágangi skattamála í fyrirbyggjandi og fyrirhuguðum fjárfestingarsamningum við erlenda aðila. Þessar eru helstar:

- I. **Endurskoða fjárfestingarsamning og frumvarp vegna Helguvíkur.** Í endurskoðuninni verði að lágmarki gerðar eftirfarandi breytingar:
  - a. Töluliður 1a felldur niður. Með því fer skatthlutfall félagsins eftir almennum lögum hverju sinni. Þessi breyting á engin langtímaáhrif að hafa á hag fyrirtækisins ef eignarhald það er í höndum eigenda í landi sem við höfum tvísköttunarsamning við og reyndar í flestum venjulegum ríkjum. Fyrirtæki í þessum löndum fá tekjuskatt sem hér er greiddur dreginn frá skattgreiðslum í heimalandi sínu. Afsláttur á tekjuskatti gagnvar fyrirtækjum í þessum ríkum er því í reynd eftirgjöf sem kemur ríkissjóði heimalands fyrirtækisins til góða en ekki fyrirtækinu. Öðru máli gegnir ef fjárfestingaraðilinn er með skattalegar æfingar í gegnum skattaskjól eða þess háttar, en tilgangur ákvæðisins er varla að hlúa að slíku. **Lækkun tekjuskatta fyrirtækja almennt eða sértækt þjónar ekki hagsmunum þess fyrirtækis sem er að fjárfesta heldur heimaríki mórðurfélagsins og ættu aldrei að vera notaðir í því skyni að draga að erlenda fjárfestingu.**
  - b. Töluliður 7 verði felldur niður. Eini tilgangur hans er að koma í veg fyrir að Ísland geti tekið upp ákvæði um þunna eiginfjármögnun sem er viðurkennd vörn gegn því að hagnaður sé fluttur úr landi í vaxtabúningi. Lítil vörn gegn því er í reglum um viðskipti milli tengdra aðila. Ekkert reununverulegt tjón eða áhætta felst í því fyrir fyrirtækið. Tvísköttunarsamningar tryggja það að hvorki er hægt að mismuna erlendum fyrirtækjum í þessu efni né að takmarka eðlilegan vaxtafrádrátt.
- II. Fylgja þeirri stefnu í viðræðum og samningum við aðra erlenda aðila að veita ekki ívilnair í tekjuskatti og að um skattamál verði farið eftir almennum reglum og hendum íslenskra stjórnvalda verði ekki bundnar.
- III. Að taka samninginn og lögina vegna Reyðaráls til endurskoðunar með það fyrir augum að fá ofangreindum atriðum breytt. Hugsanlegar bætur verða líklega minni en beint tjón af því að láta þá standa óbreytta.